



Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum 2015

Umsögn um stjórnarhætti: Síminn hf.

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins, Nasdaq OMX Iceland hf. og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands hafa tekið höndum saman um að efla eftirfylgni íslenskra fyrirtækja hvað varðar góða stjórnarhætti. Í þeim tilgangi er fyrirtækjum veitt tækifæri til að undirgangast formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur það mat með höndum. Söfnun gagna fer fram hjá ráðgjöfum eða öðrum aðilum sem Rannsóknarmiðstöðin telur hæfa til verksins. Rannsóknarmiðstöðin byggir mat sitt í meginatriðum á því hvort gögnin gefi til kynna að viðkomandi fyrirtæki fylgi leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf. gefa út. Þau fyrirtæki sem standast matið á framangreindum forsendum er veitt nafnbótin **Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum** (e. Exemplary in corporate governance) sem þeim er að öllu jöfnu heimilt að nota í starfi sínu í eitt ár frá veitingu hennar. Þessi viðurkenning er fyrst og fremst veitt til þess að ýta undir umræður og aðgerðir sem efla góða stjórnarhætti. Markmiðið er að matsferlið auki trúverðugleika og gagnsæi stjórnarháttar fyrirtækja gagnvart hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur ákveðið að fyrirtækið Síminn hf. fái viðurkenningu sem *Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum*. Meðfylgjandi umsögn er byggð á úttekt á stjórnarháttum sem unnin var af CATO Lögmönnum í júní 2015.

Niðurstaða úttektar CATO Lögmanna á stjórnarháttum Símans hf gefur skýra mynd af stjórnarháttum fyrirtækisins og bendir til þess að fyrirtækið geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar þegar kemur að góðum stjórnarháttum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu niðurstöðum úttektar og umsögn Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti fyrirtækisins:

Hlutverk stjórnar:

Til fyrirmyndar: Hlutverk stjórnar, stjórnarformanns og forstjóra er vel skilgreint í starfsreglum stjórnar og verkaskipting þar á milli er skýr. Stjórn hefur skilgreint hvað teljast óvenjulegar eða mikilsháttar ráðstafanir sem þarfnast samþykki stjórnar. Stjórn leggur áherslu á að fylgjast vel með samkeppnismálum.

Hvað má betur fara: Stjórn mætti skilgreina betur hvort hún leggur áherslu á að vera eftirlitsstjórn, ráðgjafarstjórn eða stefnumótandi stjórn. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að fyrirtækið er að langmestu leyti í eigu Arion Banka hf (38,3%) og lífeyrissjóða en æskilegt er að fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóðir hafi skýra eigendastefnu hvað varðar góða stjórnarhætti.



Rannsóknarmiðstöð
um stjórnhætti

Verkefni stjórnar:

Til fyrirmyndar: Verkefni stjórnar eru í samræmi við starfsreglur stjórnar. Stjórnin hefur framkvæmt árangursmat á störfum sínum, stjórnarformanns, framkvæmdastjóra og tveimur undirnefndum stjórnar. Stjórn fer vandlega yfir mikilvægustu verkefni félagsins á hverjum tíma. Ákveðið var á stjórnarfundi í mars 2015 að innleiða formlega áhættustýringu í starfsemi félagsins. Tilgangur stefnunnar er að viðhalda yfirsýn og viðeigandi stýringu áhættu í starfsemi félagsins og dótturfélaga. Aðgangur að upplýsingum um félagið fyrir hluthafa, aðra hagsmunaaðila og almenning er aðgengilegur á heimasíðu félagsins.

Skipulag stjórnar:

Til fyrirmyndar: Stjórnin hélt 21 stjórnarfund á árinu 2014. Stjórnin setur sér árlega starfsáætlun sem unnið er eftir. Fundargerðir eru skýrar og staðfestar með undirritun stjórnarmanna. Þrjár undirnefndir eru starfandi: Endurskoðunarnefnd, starfskjaranefnd og skráningarnefnd. Endurskoðunarnefnd tilnefnir innri endurskoðanda félagsins sem hefur sjálfstæða stöðu í skipuriti í samræmi við það.

Hvað má betur fara: Stjórn mætti setja endurskoðun á starfsreglum stjórnar og undirnefnda og öðrum sem lýtur að skipulagi starfsins í fastari skorður, t.d. þannig að það yrði gert einu sinni á ári.

Starfshættir stjórnar:

Til fyrirmyndar: Starfshættir eru í samræmi við hlutverk stjórnar. Félagið hefur sett sér stefnu í samfélagslegri ábyrgð og hefur hliðsjón af tíu viðmiðum UN Global Compact og ISO 26000 staðli um samfélagsábyrgð. Stjórn hefur nýlega yfirfarið og staðfest siðareglur fyrir félagið. Félagið hefur innleitt samkeppnisáætlun í starfsemi sína sem miðar að því að lágmarka hættu á því að brotið verði gegn samkeppnislögum í rekstri félagsins en félagið gerði sátt við Samkeppniseftirlitið á árinu 2013 sem var endurskoðuð á árinu 2014.

Hvað mætti betur fara: Ekki hafa verið til reglur og ferlar varðandi móttöku nýrra stjórnarmanna en unnið er að slíkum leiðbeiningum.

Stjórnarmenn:

Til fyrirmyndar: Stjórnarmenn virðast hafa til þess að sitja í stjórn félagsins og hafa fjölbreytta menntun, þekkingu og reynslu. Stjórn félagsins sem var kjörin á aðalfundi árið 2015 samanstendur af fimm stjórnarmönnum sem eru: Sigríður Hrólfsdóttir, formaður, Ingimundur Sigurpálsson, varaformaður, Heiðrún Jónsdóttir, Helgi Magnússon og Stefán Árni Auðólfsson. Stjórnarmenn eru á aldrinum 43 – 66 ára og er meðalaldur stjórnarmanna 53 ár. Stjórnarmenn eru 60% karlar og 40% konur. Meirihluti stjórnarmanna er óháður félaginu.

Með úttekt þessari er reynt eftir fremsta megni að leggja mat á hvort umrætt fyrirtæki fylgi áður nefndum leiðbeiningum um góða stjórnhætti, byggt á þeim gögnum sem aflað er. Úttektin felur því ekki í sér endanlega staðfestingu á að allir þættir í stjórnun og rekstri fyrirtækjanna standist lög, reglugerðir, alþjóðleg viðmið eða tilmæli opinberra aðila. Úttektin ætti eigi að síður að veita hagsmunaaðilum mikilvæga innsýn í hvernig stjórnir og stjórnendur fyrirtækjanna haga störfum sínum almennt.